

Framtíðarsýn og áherslur í skólastarfi 2022-2026



Vinna við gerð framtíðarsýnar og áherslna í skólastarfi hefur staðið yfir frá árinu 2020 en fræðsluráð skipaði starfshóp til að vinna að henni í febrúar það ár. Vinnan gekk vel en vinnufundir voru haldnir með öllum hagsmunaaðilum á leik- og grunnskólastigi, þ.e. fulltrúum sveitarfélags, kennurum og leiðbeinendum, nemendum og foreldrum. Jafnframt var rafræn kosning um gildi sem leggja grunninn að framtíðarsýninni og eru leiðarljós í gerð aðgerðaáætlana sem skólarnir vinna við upphaf hvers skólaárs á meðan framtíðarsýnin er í gildi. Starfshópurinn vann úr gögnum og setti fram drög að framtíðarsýn og áherslum í skólastarfi sem borin voru undir alla hluteigandi aðila. Lokaeintakið er nú tilbúið með framtíðarsýn, markmiðum, áhersluþáttum og gildum.

Á meðfylgjandi segli má sjá framtíðarsýnina, áherslugreinar, yfirmarkmið og gildi en hægt er að kynna sér framtíðarsýn og áherslur frekar á heimasíðum leikskólanna, grunnskólans og Vestmannaeyjabæjar.

YFIRLÝSING

Undirritaðir fulltrúar allra hagsmunaaðila að framtíðarsýn gera með sér samkomulag um að vinna ötullega að því að framtíðarsýn, áherslur og gildi séu höfð að leiðarljósi í öllu starfi skólanna í góðu samstarfi við foreldra og nemendur.

F.h. Vestmannaeyjabæjar

Íris Róbertsdóttir
Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri

F.h. Grunnskóla Vestmannaeyja

Anna Rós Hallgrímsdóttir
Anna Rós Hallgrímsdóttir, skólastjóri

F.h. Kirkjugerðis

Eyja Brynneirsdóttir
Eyja Brynneirsdóttir, skólastjóri

F.h. Sóla

Helga Björk Ólafsdóttir
Helga Björk Ólafsdóttir, skólastjóri

F.h. foreldrafélaga leik- og grunnskóla

Helena B. Þorsteinsdóttir
Helena Björk Þorsteinsdóttir, stjórnarmaður
foreldrafélags GRV

F.h. nemenda

Ásta Hrönn Elvarsdóttir
Ásta Hrönn Elvarsdóttir, formaður
nemendaráðs GRV